

Mál nr. 329/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila : (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Sakarskipting. Árekstur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. september 2025.
2. Tölvupóstur V2, dags. 15. september 2025, ásamt skýrslu A&Ö.
3. Athugasemdir V1, dags. 29. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. nóvember 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur milli bifreiðarinnar A, sem er í eigu M, og óvátryggðu bifreiðarinnar B, á Heiðmerkurvegi við Elliðavatnsblett hinn 14. júlí 2025. Báðum bifreiðum var ekið suður Heiðmerkurveg að Elliðavatnsbletti. Þegar ökumaður A beygði til vinstri inn Elliðavatnsblett, var B ekið á sama tíma fram úr A með þeim afleiðingum að árekstur varð. Ökumaður B segir A ekki hafa gefið stefnuljós til vinstri. Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna sem skipti sök með þeim hætti að A var talinn bera 2/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir aftan áður en ekið var í vinstri beygju og B var talinn bera 1/3 hluta sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að annarri umferð við framúrakstur. M mótmælir þeirri afstöðu í málskoti og segir engin bremsuför hafa verið á vettvangi sem bendi til þess að A hafi verið með bilaðar bremsur. Hann hafi ekki getað séð B í baksýnisspelinum þar sem B hafi verið ekið á þeim hluta vegarins sem var fyrir gagnstæða akstursstefnu. Kveðst M alltaf gefa stefnuljós og telur hann sig vera í fullum rétti, sbr. 25. gr. umferðarlaga sem kveður á um að ekki megi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim.

V1 telur að ekki sé tilefni til að leggja sök á M. Ökumaður B beri alla ábyrgð á árekstri bifreiðanna fyrir ógætilegan framúrakstur, sbr. 23. og 25. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Af hálfu V2 er ekki tekin afstaða til sakarskiptingar þar sem um óvátryggt ökutæki var að ræða.

Í viðbótarathugasemdum M er farið yfir mörg atriði sem tengjast ekki þeim ágreiningi sem málskot þetta fjallar um og krefst M þess að V greiði honum fimm milljónir króna í skaða- og miskabætur.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu Aðstoðar og öryggis varð árekstur A og B við gatnamót Heiðmerkurveg og Elliðavatnsblettar. Um er að ræða vegamót skv. skilgreiningu sem fram kemur í 38. tölul. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 að vegamót séu þar sem vegir mætast eða skerast eða vegur greinist. Í 41. tölul. er vegur skilgreindur þannig: „Vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar“. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga má eigi aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Um var að ræða malarveg og voru því engar yfirborðsmerkingar á veginum. Með því að aka framúr A á gatnamótunum, braut ökumaður B gegn fyrrgreindu ákvæði umferðarlaganna. Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga skal ökumaður vélknúins ökutækis sem ætlar að beygja á vegamótum, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Skal hann gefa gaum að umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, svo og umferð sem á móti og á eftir kemur, og gefa stefnumerki í samræmi við fyrirhugaða akstursstefnu. Í framburðarskýrslu sinni kveðst ökumaður B hafa gefið stefnumerki til vinstri áður en hann byrjaði að beygja umrætt sinn en getur ekki um að hann hafi gætt að umferð fyrir aftan sig áður en hann beygði og braut hann því gegn 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga.

Meta verður sök ökumanna með hliðsjón af framangreindum lagaákvæðum og aðstæðum öllum og skiptist sök þannig að ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri. Þeim athugasemdum M er varða samskipti hans við bifreiðaverkstæði og V, er vísað frá nefndinni enda ekki um að ræða ágreining sem fellur undir starfsvið nefndarinnar eins og það er skilgreint í 3. gr. samþykktu úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar á umræddum árekstri. Öðrum ágreiningi M er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 2. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir